

Saurbær

Ari Gíslason skráði.

Jörð í Skeggjastaðahreppi, næst við Fell. Upplýsingar frá Þórarni Magnússyni, en yfir fóru Kristján Halldórsson og Sigurður Sigurðarson, póstur í Reykjavík.

Þetta er landmikil jörð, er á land beggja vegna við Saurbæjará. Bærinn stendur norðan við ána þar, við suðvesturhorn **Finnafjarðar** (1). Aðeins sunnar rennur svo **Saurbæjará** (2) í sjó. Verður nú byrjað og talið með sjó frá Miðfjarðarnesslandareign. Austast er mýri, sem nefnd er **Þrætumýri** (3), þá er tangi, sem heitir **Hraunatangi** (4) (er á korti nefndur **Saurbæjartangi** (5)). Þá er næst við Hraunatanga **Tangavík** (6), síðan **Hvalfjara** (7). Upp af henni er bakki, kenndur við hana, sem heitir **Hvalfjörubakki** (8). Þá eru þar upp af **Einarskeldur** (9), sem er óslitið mýrardrag. Þá er **Þúfutangi** (10), þegar Hvalfjörü sleppir, síðan koma **Ytri-Hafnir** (11) og **Innri-Hafnir** (12). Þarna var búið um tíma, en er nú í eyði. Milli Hafnanna er örlítill, nafnlaus tangi. Síðan kemur **Holt** (13), og á því miðju er **Dagmálapúfa** (14). Þá koma hér þrjár víkur, allar litlar, sem heita **Skipavík** (15), **Nótnavík** (16) og **Stekkjavík** (17). Síðast er nefnt **Krókur** (18), og er þá komið vestur að **Saurbæjarárós** (19). Krókurinn er rétt austan við túnið.

Nú verður talið austur aftur og þá byrjað við **Saurbæjarfoss** (20). Fyrst er **Jaðar** (21), sem nær í svonefndan **Slakka** (22), sem er hér rétt austan við; eftir honum er **Slakkalind** (23); á henni er brú. Nokkuð neðan við Slakkann heita **Efribalar** (24) og **Neðribalar** (25), er nú hvort tveggja komið undir tún. Þá taka við **Höll** (26), er ná austur að Holtinu, sem fyrr var nefnt. Dagmálapúfa er þannig austan við Slakkann fyrr-nefnda. Ofan við Höllin austur af túni er svo **Illiflói** (27). Austan við þessi Höll heitir **Jarðbakki** (28), sem þarna nær á merki og er ekki langt frá sjó. Yzt á honum heitir **Sjónarþúfa** (29). Upp af áðurnefndum Ytri-Höfnum heitir **Dýjareitur** (30). Vestan við Sjónarþúfuna heita **Leirur** (31), uppblásið landsvæði, nú grýtt. Þær eru vestan við Álfhól í Miðfjarðarneslandi og ná inn að svonefndri **Tvísteinahæð** (32), sem er melhóll. Þá er **Vörðuhóll** (33) og **Steinhæð** (34); nokkru innar er **Krosssund** (35). Þá er **Lágháls** (36), sem eru móar inn að svonefndum Þverlæk, er fellur til Saurbæjarár. Á hálsinum heitir **Hálsbrún** (37) beint upp af bæ, og **Hádegishæð** (38) er á há-Hálsbrúninni og svo **Miðmundahall** (39).

Austan við Miðmundahall er þessi Lágháls, sem hér var tekinn fyrr, þá taka við flatar mýrar, sem ná inn að **Eystríkrók** (40) við Saurbæjará. Er þá komið þar á merkjalínu móti Miðfjarðarnesi, og verður þá haldið út með Saurbæjará austanverðri, en þar eru aðeins tvö nöfn, **Fossar** (41) í ánni og **Hólar** (42) örstutt frá ánni, austur af Fossunum. Þá er allt talið, sem er austan við Saurbæjará.

Verður þá fyrst farið með sjó eins og fyrr og byrjað við fyrrnefndan Saurbæjarárós. Þá er fyrst **Bæjarfjara** (43). Þá er það **Nes** (44); það er jarðbakki frá sjónum. Þá er **Skotfjörubakki** (45), og undir bakkanum er **Skotfjara** (46). Þá er **Svínabæli** (47). Það er smábugða, krókur við ósinn á **Finnafjarðará** (48), sem hér er á mörkum móti Felli, og heitir þar **Finnafjarðarárós** (49).

Þá byrjum við við Saurbæjarfoss, sem fyrr er getið. Stundum er hann nú nefndur **Bæjarfoss** (50). Þar eru þá fyrst við ána **Kvíslar** (51), sem eru rétt innan við brúna á ánni. Þar tekur við **Langimelur** (52) inn með ánni, flatur og sléttur, og nær inn að **Ytra-Nónfjalli** (53). Vestan við Langamel heitir **Helguflói** (54). Vestast í honum er hár hóll, sem heitir **Helguhóll** (55). Sagt er, að þar hafi orðið úti kona með þessu nafni. Í Kvíslunum fellur lækur í ána, sem heitir **Helgulækur** (56), og verður hans betur getið síðar. Innan við Helguhólinn heitir **Viðarbrekka** (57); þar er nú enginn viður. Uppi á henni er hár steinn, sem heitir **Grásteinn** (58). Þá tekur við áðurnefnt Ytra-Nónfjall. Innarlega á því er **Nónfjallagreni** (59). Aðeins innar er **Innra-Nónfjall** (60). Þetta er sama bungan og ekki glögg merki. Í daglegu tali er þetta nefnt **Fjöll** (61). Á innra fjallinu er greni. Suður af Fjöllum, undir innra fjallinu, með Saurbæjará, er stórt mýrarstykki, sem nefnt er **Krókar** (62). Áður var nefndur Eystríkrókur. Inn af Nónfjöllum, vestan við Krókana, liggur urðarbunga inn að **Saurbæjarvatni** (63). Hér innar og vestar heitir **Vatnsvos** (64), liggur vestur frá Saurbæjarvatni.

Saurbæjarvatn er stórt vatn með tveim hólum í. Í þeim var æðarvarp áður fyrr. Úr vatninu fellur Saurbæjará. Vestan við vatnið taka við víðáttumiklar hæðir, er kallast einu nafni **Vatnshæðir** (65). Í hæðunum eru þrjú gren, tvö eru hvert hjá öðru norðan í hæðunum utarlega, en eitt er vestan í hæðinni. Frá Saurbæjarvatni liggur mýrardrag að Miðvatni, er síðar getur. Sunnan við þessa mýrarlægð eru Vatnshæðir. Syðst í Saurbæjarvatn fellur svokallaður **Kíll** (66). Inn og vestur með þessum Kíl eru mýrardrög og flóar, allt inn að svonefndri **Biðsteinsöxl** (67). Ekki eru menn alveg sammála um þetta nafn. Þeir á Hallgilsstöðum hafa það t. d. **Benediktsöxl** (68). Norðvestan við þessa öxl er **Finnstjörn** (69), innsta örnefnið í þessu landi. Úr henni fellur Finnafjarðará, sem er á merkjum að vestan.

Í útnorður af fyrrnefndum Vatnshæðum er flóastykki. Í því er þá innst tjörn, sem heitir **Miðvatn** (70), er grunn tjörn og líflaus. Utan við það er mýrarstykki og urðarbunga, þá er

annað vatn, **Urriðavatn** (71). Úr því vatni fellur svo lækur, sem heitir **Hvammalækur** (72), í gegnum svonefndan **Hvammaflóa** (73). Yzt í þessum flóa heitir **Heygarðahall** (74). Neðan við hallið, vestan undir Nónfjöllum, eru þá **Efriskot** (75) og **Neðriskot** (76). Neðst í síðarnefndu skoti er **Draugagil** (77); um það rennur Hvammalækur. Utan við Draugagil kemur lækur úr Selflóa og rennur í Hvammalæk, sem þá breytir um nafn og heitir eftir það Helgulækur, sem fyrr getur.

Vestan við Helgulæk heitir **Jarðbakkafloi** (78). Þá er næst **Engidalur** (79), þá er **Selfloi** (80) og vestar eru **Hæðir** (81), sem ná að Finnaþarar, hér um bil. Hæsta hæðin heitir **Miðaftanshæð** (82). Vestan við Hæðirnar taka við flóar að Finnaþarar; þeir heita **Innri-Þverhæðarfloi** (83) og **Ytri-Þverhæðarfloi** (84). Milli þeirra er ofurlítill hæðarhryggur; í honum er gren, sem heitir **Þverhæðarflogren** (85), er skammt frá ánni.

Utan við Hæðir og Jarðbakkaflóa, sem áður er getið, er **Jarðbakki** (86). Þetta er langur melur, þar sem vegurinn liggur nú. Vestast á Jarðbakknum er **Náttmálapúfa** (87) og **Náttmálasund** (88). Þessi Jarðbakki nær óslitið að Kvíslunum, sem fyrr var getið.

Innan við Engidalinn er Selflóinn. Úr honum fellur lækur um Engidal, **Engidalslækur** (89), og vestast í Jarðbakkaflóa til sjávar um túnið á býli, sem hét **Stekkur** (90), er því oft nú nefndur **Stekkjarlækur** (91). Út af Þverhæðarflounum, sem eru aðeins utar en Pétursstaðir, er láglandi með ánni út að þjóðvegi. Þar eru **Skjónulækjarbotnar** (92), sem eru við Miðaftanshæðina. Þar kemur lítill lækur, er rennur í ána og heitir **Skjónulækur** (93).

Stafrófsskrá örnefna

Benediktsöxl 68 = 67	Krókur 18
Biðsteinsöxl 67 = 68	Krosssund 35
Bæjarfjara 43	Kvíslar 51
Bæjarfoss 50	Lágháls 36
Dagmálapúfa 14	Langimelur 52
Draugagil 77	Leirur 31
Dýjareitur 30	Miðaftanshæð 82
Efribalar 24	Miðmundahall 39
Efriskot 75	Miðvatn 70
Einarskeldur 9	Náttmálasund 88
Engidalslækur 89 = 91	Náttmálapúfa 87
Engidalur 79	Neðribalar 25
Eystrikrókur 40	Neðriskot 76
Finnafjarðará 48	Nes 44
Finnafjarðarárós 49	Nónfjall, Innra- 60
Finnafjörður 1	Nónfjall, Ytra- 53
Finnstjörn 69	Nónfjallagreni 59
Fjöll 61	Nótnavík 16
Fossar 41	Saurbæjará 2
Grásteinn 58	Saurbæjarárós 19
Hádegishæð 38	Saurbæjarfoss 20
Hafnir, Innri- 12	Saurbæjartangi 5 = 4
Hafnir, Ytri- 11	Saurbæjarvatn 63
Hálsbrún 37	Selflóí 80
Helguflói 54	Sjónarþúfa 29
Helguhóll 55	Skipavík 15
Helgulækur 56	Skjónulækjarbotnar 92
Heygarðahall 74	Skjónulækur 93
Hólar 42	Skotfjara 46
Holt 13	Skotfjörubakki 45
Hraunatangi 4 = 5	Slakkalind 23
Hvalfjara 7	Slakki 22
Hvalfjörubakki 8	Steinhæð 34
Hvammaflói 73	Stekkjarlækur 91 = 89
Hvammalækur 72	Stekkjarvík 17
Hæðir 81	Stekkur 90
Höll 26	Svínabæli 47
Illiflóí 27	Tangavík 6
Innra-Nónfjall 60	Tvísteinahæð 32
Innri-Hafnir 12	Urriðavatn 71
Innri-Þverhæðarflói 83	Vatnshæðir 65
Jaðar 21	Vatnkvos 64
Jarðbakkaflóí 78	Viðarbrekka 57
Jarðbakki 28	Vörðuhóll 33
Jarðbakki 86	Ytra-Nónfjall 53
Kíll 66	Ytri-Hafnir 11
Krókar 62	Ytri-Þverhæðarflói 84
	Þrætumýri 3

Þúfutangí 10
Þverhæðarflóagren 85
Þverhæðarflói, Innri- 83
Þverhæðarflói, Ytri- 84